

12. mars, 2012

Umsögn frá Svavari Kjarrval Lútherssyni um:

Tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samnings um afhendingu vegna refsiverðrar háttsemi milli Norðurlandanna (norræn handtökuskipun)

140. löggjafarþing 2011–2012.

Þskj. 937 — 600. mál.

Í 6. gr. samningsins er kveðið á um heimild til þess að íslenska ríkið afhendi íslenska ríkisborgara. Þó um sé að ræða valkvæða skilyrta afhendingu á það ekki að líðast að íslenska ríkið hafi slíka heimild, enda er engin lagaleg trygging fyrir því að framkvæmdavaldið setji slíkt skilyrði vegna afhendingar.

Mæli ég með því að nefndin **hafni samþykkt** samningsins.

Undirritað,

Svavar Kjarrval Lúthersson